



Einkaleyfastofan

Lindargötu 9 — 150 Reykjavík — Sími 609450

Íslensk forritapróun h.f.
Engjateig 3
105 Reykjavík

Tilv. vor Our ref.	Dags. Date
430-90/699	19.8.1991

MÁL:

Andmæli Ópal h.f., Fosshálsi 27, Reykjavík.

gegn

skráningu vörumerkisins ÓPAL, samkvæmt umsókn nr. 699/1990 frá Íslenskri forritapróun h.f., Fosshálsi 27, Pósthólf 10114, 130 Reykjavík.

ÁKVÖRÐUN VÖRUMERKJASKRÁRRITARA

Málsatvik:

Þann 14. ágúst 1990 tilkynnti Íslensk forritapróun h.f. vörumerkið ÓPAL til skráningar. Óskað var skráningar fyrir vörur í 9. flokki. Vörumerkið ÓPAL var birt í Vörumerkjatíðindum þann 28. september 1990.

Með bréfi dags. 15. október 1990 andmælti Ópal h.f. skráningu vörumerkisins. Andmælin voru gerð tilkynnanda kunnug með bréfi dags. 22. október og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við andmælin fyrir 22. febrúar 1991.

Engar athugasemdir hafa borist frá tilkynnanda.

Einkaleyfastofan

Með bréfi dags. 1. júlí 1991 var tilkynnanda gert kunnugt að málið yrði tekið til úrskurðar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

NIÐURSTAÐA:

Andmælin eru borin fram innan tilskilins frests og eru því lögmæt.

Andmælt er skráningu merkisins ÓPAL fyrir vörur í 9. flokki skv. umsókn nr. 699/1990. Firmanafn andmælanda er skráð í hlutafélagaskrá sem Ópal h.f., sælgætisgerð. Í firmanafninu sjálfu er ekki fólgin skírskotun til atvinnustarfsemi félagsins, en af því leiðir að ruglingshætta er til staðar milli vörumerkis tilkynnanda og firmaheitis andmælanda.

ÞVÍ ÁKVARÐAST:

Skráning vörumerkisins Ópal samkvæmt umsókn nr. 699/1990 er hafnað á grundvelli 4. töluliðar 2. mgr. 14. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki.

Ásta Valdimarsdóttir, lögfr.

Afrit sent;
Ópal h.f.
Fosshálsi 27
Pósthólf 10114
130 Reykjavík